

## 86. fundur skráningarráðs

Haldinn 13. nóvember 2014, í fundarherbergi Landskerfis, kl. 13:00-15:00.

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Hallfríður Kristjánsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir. Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir, gæðastjóri Gagnis og Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri Landskerfis bókasafna.

Fundargerð 85. fundar var yfirfarin og samþykkt

### Fundarefni:

#### 1. Endurnýjun vefs Landskerfis – þarfir skráningarráðs

Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Landskerfis kynnti áætlun um endurnýjun á vef Landskerfis. Til stendur að endurnýja bæði fyrirtækjavefinn og undirsíður og þjónustuvef sem tengist honum.

Skoða þarf bæði innihald og útlit, endurmeta hvaða efni á heima á þjónustusíðum sem krefjast innskráningar, hvernig aðgangsstýringu á að vera háttað og hvort hægt sé að tengja verkbeiðnakerfi og þjónustugátt við vefinn.

Þarfagreiningin klárast á þessu ári en útlitshönnun er ekki farin af stað.

Til að vefurinn geti þjónað hlutverki sínu sem best þarf m.a. að greina þarfir skráningarráðs og annarra vinnuhópa sem eiga sér svæði á vefnum.

Atriði sem snerta vefsíðu skráningarráðs:

- Æskilegt þykir að skráningarráð (eða formaður þess) geti séð milliliðalaust um að uppfæra sitt svæði á vefnum eftir þörfum (t.d. leggja inn fundargerðir og samþykktir)
- Gæti verið gagnlegt að hafa einhvers konar form til útfyllingar á vefnum fyrir erindi til skráningarráðs
- Síða skráningarráðs er allt of löng. Á hana vantar felliglugga og betri kaflaskiptingu/efnisflokkun
- Vefinn ætti að skoða í samhengi við vefinn í stærra samhengi og við vefi annarra vinnuhópa sem eiga svæði á vefnum
- Skráningarráð þarf að skoða sitt vefsvæði og koma hugmyndum um útlit og innihald til Sveinbjargar

Sveinbjörg mun sjá um að upplýsa skráningarráð um framvindu verkefnisins

#### 2. Skráning hljóðbóka

Hildur kom með skjal frá Magnhildi Magnúsdóttur, Landsbókasafni. Magnhildur hafði uppfært skjalið [Skráning hljóðbóka](#), sem var samþykkt í skráningarráði 30. ágúst 2007

Farið var yfir skjalið og það samþykkt eftir nokkrar breytingar á orðalagi.

Hildur sér um að ganga frá skjalinu og fær Sveinbjörgu til að færa það inn á vefsíðu skráningarráðs.

#### 3. Önnur mál

Rósa sagði frá því að tvö erindi hefðu borist skráningarráði. Bæði var hægt að leysa án þess að skráningarráð þyrfti að koma að málinu.

Áslaug sýndi tvö dæmi frá Deutsche Nationalbibliothek um nafnmyndaskráningu sem virðist gerð skv. RDA.

Hildur sagði frá því að fimm nýir skrásetjarar væru komnir með skráningarheimild í Gegni eftir nýafstaðið námskeið hjá Landskerfi.

Hildur og Hallfríður sögðu frá skráningu á rafbókum fyrir lesbretti í Gegni. Aðeins eitt dæmi (001359614) er komið í Gegni. Við skráningu á lesbrettabókum er vikið frá samþykkt skráningarráðs um [rafrænan aðgang og 856 sviðið](#) þar sem kemur fram að aðeins skuli skrá eina færslu. Skjalið þarf að endurskoða út frá þessu verklagi. Skráningarráð hafði áður samþykkt um að biðja Hallfríði, Magnhildi, Önnu Kristínu Stefánsdóttur (Háskólanum í Reykjavík) og Rósu um að endurskoða skjalið. Hallfríður sér um að kalla hópinn saman.

Hildur sagði frá breyttu verklagi við að taka saman tölfræði úr Gegni. Árslokátölfræði má nú keyra beint út úr kerfinu og framsetningin breytist svolítið við það. Aukaafurð úr þessum keyrslum eru upplýsingar um færslur sem innihalda óvenjulega skráningu/kóðun og gefa vísbendingu um að eitthvað þurfi að skoða betur. Verið er að vinna í tölfræði fyrir árið 2013.

Næstu skref í innleiðingu RDA voru rædd stuttlega. Líklegt þykir að einhverja liði vanti inn í kostnaðaráætlunina. T.d. varðandi handbók skrásetjara. Skoða þarf drögin að innleiðingaráætlun betur þegar verkefnastjóri innleiðingarinnar tekur til starfa eftir áramót.

Næsti fundur er áætlaður miðvikudaginn 10.des. kl. 13-15 í fundarherbergi Landskerfis.